



Mánudaginn 26. nóvember 2012 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar kl. 20.30 á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundinn sátu: Birgir Ingbórsson, Jón Gíslason, Eline Manon Schrijver, Brynjólfur Friðriksson, Fanney Magnúsdóttir, Jóhanna Stella Jóhannsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Sigríður B. Aadnegard og Jens P. Jensen.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla skólastjóra.
3. Umræða um dreifnám.
4. Skólastefna.
5. Önnur mál.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund kl. 20.40 og bauð fundarmenn velkomna.

2. Skýrsla skólastjóra.

Skólastarfið hefur verið með hefðbundnum hætti. Skólinn er þátttakandi í verkefni um rafrænt skólasamfélag í Evrópu. Fulltrúar skólans sóttu ráðstefnu á Akureyri um vitundarvakningu gegn kynferðislegu ofbeldi. Foreldrafundur var haldinn í leikskólanum og var mjög góð þátttaka. Sjöundi til tíundi bekkur Húnavallaskóla fór í Vatnsdal á slóðir Vatnsdælasögu, móttaka var á Hofi og Hnjúki og síðan var unnið verkefni í tengslum við heimsóknina.

Skólastarf hefur fallið niður í 3 daga það sem af er vetri. Í samræmdum prófum 10. bekkjar var Húnavallaskóli vel yfir landsmeðaltali í íslensku, en undir landsmeðaltali í ensku og stærðfræði. Í samræmdum prófum 4. bekkjar og 7. bekkjar var Húnavallaskóli við landsmeðaltal í íslensku og stærðfræði. Skólastjóri kynnti drög að endurskoðaðri starfslýsingu skólaliða. Stefnt er að því að endurskoða starfslýsingar starfsfólks í mötuneyti og starfslýsingu húsvarðar.

3. Umræða um dreifnám.

Formaður kynnti þann undirbúning sem farið hefur fram til að koma á dreifnámi í A-Hún., m.a. hefur verið fundað með menntamálaráðherra um málið.

Fræðslunefnd Húnavatnshrepps mælir með að komið verði á dreifnámi í Austur-Húnavatnssýslu næsta haust.

4. Skólastefna.

Skólatjóri kynnti þá punkta sem hún telur að byggja eigi á við gerð Skólastefnu Húnavatnshrepps. Talsverðar umræður urðu um málið.

5. Önnur mál.

Rætt var um lausagöngu húsdýra á lóð Húnavallaskóla.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi var slitið kl. 22.15